

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 21. desember 2017 - R17120013

	Fundargerðir:	
R17010024	Fundargerð stjórnar SSH nr. 451, dags. 4.12.'17	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað:	
R17120125	Erindi Hönnu Styrmsdóttur varðandi Art Basel Cities, dags. 6.12.'17.	Sent menningar- og ferðamálasviði til umsagnar
R17120101	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aukna þjónustu við strætisvagnfarþega á Hlemmi, dags. 14.12.'17.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar.
R17120102	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um rafrænt námsefni og rafræna kennslu, dags. 14.12.'17.	Sent skóla- og frístundasviði til meðferðar.
R16110082	Erindi Trausta Valssonar og Þórarins Hjaltasonar, dags. 3.12.'17, vegna borgarlínu.	Sent SSH til meðferðar.
R17120124	Erindi Landgræðslu ríkisins, dags. 12.12.'17, vegna endurheimt og varðveislu votlendis á Íslandi.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar.
R17080085	Erindi SSH vegna efnisvinnslu í Álfsnesvík, dags. 14.12.'17.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar.
R17080085	Erindi SSH vegna Gufuness, tillögu á vinnslustigi, dags. 13.12.'17.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar.
R17090119	Erindi nefndarsviðs Alþingis, dags. 12.12.'17, fjárlagafrumvarp 2018 til umsagnar.	Sent fjármálaskrifstofu til meðferðar.
R17010082	Yfirlit innkaupadeildar nóvember 2017	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17120141	Til umsagnar 26. mál frá nefndarsviði Alþingis, frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir.	Sent velferðarsviði til umsagnar.
R17120142	Til umsagnar 27. mál frá nefndarsviði Alþingis, frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.	Sent velferðarsviði til umsagnar.



STJÓRN SSH 451. fundur

Mánudaginn 4. desember 2017, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir og Haraldur Sverrisson.

Fjarverandi: Gunnar Einarsson, Haraldur L. Haraldsson og Guðný Ívarsdóttir.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Stjórnarformaður SSH Ármann Kr. Ólafsson setti fund og stýrði.

Þetta gerðist:

1. FERÐAÞJÓNUSTA FYRIR FATLAÐ FÓLK /málsnr. 1711002

Bergljót Sigurbjörnsdóttir, formaður samráðsvettvangs forstöðumanna velferðarsviða, sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir lágu tillögur samráðshóps velferðasviða um breytingar á sameiginlegum reglum fyrir ferðaþjónustu fatlaðs fólks og þjónustulýsingu.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkti fyrirbyggjandi tillögur að breytingum með vísun í 4. grein þjónustulýsingar frá 19. maí 2014.

2. NÚVERANDI KERFI VEGNA MATS Á ÞÖRF FÓLKS MEÐ FÖTLUN FYRIR ÞJÓNUSTU

Bergljót Sigurbjörnsdóttir sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Ásgerður Halldórsdóttir fór yfir eðli og stöðu máls og benti sérstaklega á mikinn kostnað sveitarfélaganna vegna vistunarúrræða fyrir fjölfatlaða einstaklinga og þörf á samtali við ríkið og jöfnunarsjóð vegna þessa.

Umræður

Niðurstaða:

Bergljót Sigurbjörnsdóttir tekur málið til sérstakrar umfjöllunar hjá samráðsvettvangi velferðarsviða sveitarfélaganna og stjórnarformaður kallar saman sérstakan fund framkvæmdastjóra og félagsmálastjóra vegna málsins.



3. STYRKIR MEÐ GRUNNNÁMI Í LISTDANSI /málsnr. 1504009

Fyrir fundinum lá umsögn skólamálanefndar SSH um erindi Félags íslenskra listdansara frá 19. september 2017.

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að óska eftir skoðun Sambands íslenskra sveitarfélaga á málinu.

4. Önnur mál

a) Ný persónuverndarlög – áhrif á sveitarfélögin

Vakin var athygli á málinu og þörf á að kalla eftir sérstakri kynningu fyrir sveitarfélögin, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:00

From: Hanna Styrmsdóttir [mailto:hannastyrmis@icloud.com]

Sent: 6. desember 2017 22:05

To: katrin.jakobsdottir@for.is; postur@for.is; bjarni.benediktsson@fjr.is; postur@fjr.is; Dagur B Eggertsson; Borgarstjórinn í Reykjavík

Afrit: lisa.kristjansdottir@for.is; bergthora.benediktsdottir@for.is; svanhildurholm@fjr.is; pall.asgeir.gudmundsson@fjr.is; Pétur Krogh Ólafsson; Sigrún Sandra Ólafsdóttir; Arna Schram; Þorgeir Ólafsson

Subject: Til stuðnings fyrri hluta Art Basel Cities: Reykjavík

Til

forsætisráðherra,
fjármála- og efnahagsráðherra,
borgarstjórans í Reykjavík.

Málsnr.: R 17/20125
Skjalasafn Ráðhúss

18. des. 2017

Bréfalykill: 0810

Hjálagt er bréf sem ritað er til stuðnings því að ríki og borg lýsi yfir vilja til samstarfs við Art Basel Cities um fyrri hluta verkefnisins Art Basel Cities: Reykjavík. Slík yfirlýsing tryggir ekki að Reykjavík verði fyrir valinu sem næsta samstarfsborg Art Basel Cities, en er forsenda þess að borgin komi til greina í því valferli sem framundan er.

Bréfið er undirritað af tuttugu aðilum í íslensku myndlistarlífi sem staðfest hafa stuðning sinn í tölvupósti við undirritaða, Hönnu Styrmsdóttur. Þeim er jafnframt sent afrit (Bcc) af erindi þessu í þessum tölvupósti eða á pappírseintaki, eftir því sem óskað er.

Jafnframt er sent afrit (Cc) af þessum tölvupósti til aðstoðarmanna forsætisráðherra, fjármálaráðherra og borgarstjóra, sem og til sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar.

Formlegt erindi varðandi stuðning forsætisráðuneytisins við fyrri hluta verkefnisins var sent forsætisráðherra 22. nóvember síðastliðinn. Fundir Patricks Foret, stjórnanda nýsköpunar og viðskiptaþróunar hjá Art Basel, með borgarstjóra Reykjavíkur, Degi B. Eggertssyni, og þáverandi forsætisráðherra Íslands, Bjarna Benediktssyni, fóru fram 30. ágúst síðastliðinn. Þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, Kristján Þór Júlíusson, og aðstoðarmaður hans, Karl Frímannsson, voru einnig upplýstir um verkefnið. Þorgeir Ólafsson, upplýsingafulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins sótti kynningarfund Patricks Foret um Art Basel Cities 31. ágúst síðastliðinn. Honum er einnig til upplýsingar sent afrit (Cc) af þessum tölvupósti.

Ég hef unnið að undirbúningi verkefnisins í samstarfi við Icelandair Group og Reykjavíkurborg, og verið tengiliður við fulltrúa ríkisins og Art Basel Cities.

Virðingarfyllst,

Hanna Styrmsdóttir

Til stuðnings Art Basel Cities: Reykjavík

Málsnr.:
Skjalasafn Ráðhúss
18. des. 2017
Bréfalykill:

Forsætisráðherra, Katrín Jakobsdóttir
Fjármála- og efnahagsráðherra, Bjarni Benediktsson

Borgarstjórinn í Reykjavík, Dagur B. Eggertsson

Reykjavík, 6. desember 2017

Við undirrituð hvetjum hér með til þess að ríki og borg óski með viljayfirlýsingu eftir samstarfi við Art Basel um fyrri hluta verkefnisins Art Basel Cities: Reykjavík, og lýsum jafnframt yfir ánægju okkar með að samtal um það eigi sér nú stað.

Art Basel er ein virtasta og áhrifamesta kaupstefna á vettvangi myndlistar alþjóðlega, haldin í þremur borgum í jafnmörgum heimsálfum, og sótt af 250.000 manns árlega, þar af öllum helstu söfnurum, safnstjórum, sýningastjórum og fjölmiðlum heims. Verkefnið Art Basel Cities er byggt á víðtækri þekkingu og tengslaneti kaupstefnunnar á hinu alþjóðlega sviði. Markmið verkefnisins er að nýta þá þekkingu í þágu borga sem hafa vilja til að verða alþjóðlegar í menningarlegum skilningi, og festa þær í sessi sem lifandi og orkumiklar miðstöðvar samtímalista í heiminum sem er eftirsóknarvert að sækja heim, menningarinnar vegna.

Það eitt og sér að Reykjavík og Íslandi standi slíkt samstarf til boða, ber vitni hinu gróskumikla og fjölbætta vistkerfi myndlistarinnar á Íslandi, sem og vexti og uppbyggingu á sviði menningar og menningarferðamennsku almennt.

Verkefnið var kynnt fyrir yfir fjörutíu lykilaðilum á sviði myndlistar á Íslandi í ágúst síðastliðnum. Við erum þess fullviss að Art Basel Cities verkefnið muni greiða aðgang íslenskra listamanna, liststofnana og annarra listrýma að hinum alþjóðlega myndlistarvettvangi sem er einkar erfitt að hasla sér völl á, efla þau tengslanet sem þegar eru til staðar og gera fagaðilum kleift að stofna til nýrra, varanlegra og traustra tengsla, listamönnum, liststofnunum og almenningi til heilla. Það getur stórukið sýnileika íslenskra listamanna alþjóðlega, styrkt og dýpkað rannsóknir, fræðslu og sýningahald liststofnana og örvað hagvöxt á sviði lista og menningar. Síðast en ekki síst teljum við að samstarf við Art Basel geti styrkt innviði myndlistarinnar til muna og eftt enn frekar þá spennandi starfsemi sem til staðar er í grasrót myndlistar á Íslandi.

Til stuðnings Art Basel Cities: Reykjavík

Við lýsum okkur reiðubúin til að taka þátt í fyrri hluta verkefnisins og eiga það samtali við sérfræðinga Art Basel sem í því felst. Við lýsum jafnframt yfir ánægju með það að opinberir og einkaaðilar skuli reiðubúnir að skoða fjárfestingu með þessum hætti í framtíð íslenskrar myndlistar.

Við teljum það vera mikið hagsmunamál fyrir íslenskt myndlistar- og menningarsamfélag að Art Basel Cities: Reykjavík verði að veruleika.

Virðingarfyllst,

Ólafur Elíasson, myndlistarmaður

Katrín Sigurðardóttir, myndlistarmaður

ERRÓ, myndlistarmaður

Gabríela Friðriksdóttir, myndlistarmaður

Sigurður Guðmundsson, myndlistarmaður

Erling T.V. Klingenberg, myndlistarmaður og stjórnarmaður í Kling & Bang

Björn Roth, myndlistarmaður og forstjóri Dieter Roth Estate

Birgir Snæbjörn Birgisson, myndlistarmaður

Jóna Hlíf Halldórsdóttir, formaður Sambands íslenskra myndlistarmanna, f.h. stjórnar SÍM

Harpa Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur

Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands

Björg Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar

Þorgerður Ólafsdóttir, formaður Nýlistasafnsins, f.h. stjórnar safnsins

Börkur Arnarson, stjórnandi og eigandi i8 Gallery

Ingibjörg Jónsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri BERG Contemporary

Ari Alexander Ergis Magnússon, ráðgjafi og listrænn stjórnandi Gallery GAMMA

Gísli Hauksson, safnari og eigandi Gallery GAMMA

Aðalheiður Magnúsdóttir, safnari og eigandi Ásmundarsalar

Hanna Styrmisdóttir, sjálfstætt starfandi ráðgjafi og sýningarstjóri


BORGARRÁÐ 14.12. '17: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aukna þjónustu við Strætisvagnafarþega á Hlemmi - R17120101

Í því skyni að bæta þjónustu við strætisvagnafarþega er lagt til að sala farmiða verði tekin upp að nýju á Hlemmi, e.t.v. með sjálfsala. Jafnframt er lagt til að leiðakerfisupplýsingar verði bætтар, t.d. með því að setja leiðakort upp á áberandi stað og koma fyrir skjá þar sem hægt er að fylgjast með ferðum vagna í rauntíma. Þá er óskað eftir því að klukka verði sett upp á áberandi stað á Hlemmi.

BORGARRÁÐ 14.12.'17: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um rafrænt námsefni og rafræna kennslu - R17120102

Lagt er til að gerð verði sérstök greining á því hvernig nota megi rafrænt námsefni og rafræna kennslu í stað hefðbundinnar. Markmið greiningarinnar verði að svara spurningunni um að hve miklu leyti hægt er að leysa hefðbundna kennslu af með rafrænum hætti og minnka þannig álag á kennara. Horft verði á ólík stig grunnskólans og leikskólans. Leitað verði svara við því í hversu miklar fjárfestingar þyrfti að fara til að ná slíkum markmiðum og hvaða breytingar yrðu á skólstarfinu.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
Ráðhúsið, Tjarnargötu 11
101 Reykjavík



Við undirritaðir höfum lengi unnið að skipulags og umferðarmálum á höfuðborgarsvæðinu. Fram komnar tillögur um borgarlínu gætu virst nokkuð ljósar, en við nánari athugun sést að margt í tillögunum byggir á veikum grunni, og gæti svo farið að hér sé verið af fara út í mjög vafasamt samgöngukerfi. Við sendum ykkur því nokkra punkta sem geta hjálpað við að varpa nokkru ljósi á málið:

1. Stofnkostnaður við borgarlínu er áætlaður allt að 70 milljarðar. Gert er ráð fyrir að byggja sérakreinar og sérgötur fyrir hraðvagna (Bus Rapid Transit) í tveimur áföngum fyrir árið 2040. Að meðaltali er þetta um 3 milljarðar á ári. Þetta er sambærilegt við árlegar fjárveitingar til nýframkvæmda á þjóðvegum á höfuðborgarsvæðinu, ef reiknað er meðaltal síðustu áratuga. Ef aðeins er horft til síðustu 10 ára, þá hefur árleg fjárveiting verið mun minni.

2. Tvöföldun á ferðatíðni strætó þýðir að fjöldi vagna í umferð tvöfaldast. Auk þess er gert ráð fyrir að hraðvagnar verði stærri (liðvagnar). Árlegur rekstrarhalli Strætó mun því að öðru jöfnu meir en tvöfaldast.

3. Farþegafjöldi í strætó á höfuðborgarsvæðinu er núna rúmlega 40 þúsund á dag. Skv. skýrslu verkfræðistofunnar Cowi um borgarlínuna, gefin út í janúar 2017, er skipting á ferðamáta í dag þessi:

- gangandi og hjólandi 20 %
- ferðir með strætó 4 %
- ferðir með einkabíl 76 %

Í sömu skýrslu er áætlað að farþegafjöldi í strætó verði 156.000 árið 2040 og skipting á ferðamáta verði þessi:

- gangandi og hjólandi 30 %
- ferðir með strætó 12 %
- ferðir með einkabíl 58 %

Það kemur undarlega fyrir sjónir að hlutur ferða með einkabíl eigi að minnka um 18 prósentustig og hlutfallslega um 24 %. Í ljósi þess að höfuðborgarsvæðið er bílaborg verður að telja þessa niðurstöðu ótrúverðuga. Í fyrsta lagi er óraunhæft að reikna með að hlutur ferða með strætó þrefaldist frá því sem er í dag, því tilraunir sem gerðar hafa verið til að auka strætóþjónustuna hafa aðeins leitt til líttararfjölgunar farþega. Í öðru lagi er mjög hæpið að hlutur gangandi og hjólandi aukist um 10 prósentustig eða hlutfallslega um 50 % á tímabilinu 2017 – 2040 því að vegalengdir eru mjög miklar á hbsv, og veðurfarsaðstæður á veturnum geta verið mjög slæmar.

4. Mestu máli skiptir hvaða áhrif breyttar ferðavenjur hafa á umferðarmagn á þeim þjóðvegum þar sem bílaumferðin er mest. Í þessu sambandi skipta ferðir gangandi og hjólandi miklu máli. Ekki hefur verið gerð ítarleg könnun á ferðum gangandi og hjólandi, þar sem skoðuð er lengd og erindi ferðar eftir árstímum. Ljóst má þó vera að ferðir gangandi og hjólandi eru mun styttri að meðaltali heldur en ferðir með einkabíl. Í tilfellum þar sem fólk er að hjóla eða ganga sér til skemmtunar, dregur það lítt úr bílaumferð. Þá er rétt að undirstrika að umferð gangandi og hjólandi er mest á sumrin, þegar bílaumferð er minnst. Jafnvel þó ferðafjöldi gangandi og hjólandi myndi aukast um 10 prósentustig, þá myndi umferðarmagn á umferðarmestu þjóðvegum í þéttbýli aðeins minnka um örfá prósent.

5. Jafnvel þó að borgarlínan verði að veruleika, þarf að ráðast í nýframkvæmdir á þjóðvegum á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2040 upp á a.m.k. 70 – 80 milljarða kr., en þessar eru helstar:
- Sundabraut
 - Reykjanesbraut í vegstokk milli Lækjargötu og Kaplakrika
 - Ofanbyggðavegur milli Kaldárselsvegur og Arnarnesvegur
- Þveranir yfir Fossvog og Skerjarfjörð hafa líka verið nefndar. Þær gætu létt mjög á umferðinni, einkum á Hafnarfjarðarvegi, Kringlumýrarbraut og Miklubraut.

Borgarlínan mun aðeins geta frestað tiltölulega ódýrum breikkunum á vissum köflum á umferðarmestu þjóðvegunum um nokkur ár.


6. Í skýrslu Cowi er ekki minnst á sjálfkeyrandi bíla og áhrif þeirra á þróun umferðar í framtíðinni. Reikna má með að slíkir bílar verði komnir á almennan markað eftir 5 - 10 ár. Í sambandi við borgarlínuna mun tilkoma sjálfkeyrandi leigubíla skipta mestu máli. Þeir munu veita strætó harða samkeppni, þar eð þeir aka beint frá dyrum að áfangastað og þeir verða samkeppnisfærir í verði, ef nokkrir farþegar deila með sér kostnaði. Þessi ferðamáti verður sérlega hentugur fyrir ferðir til og frá vinnu.
7. Þar sem að taka verður tvær akreinar fyrir borgarlínuna - og meira þar sem biðstöðvar með breiðum brautarpalli verða settar á milli akreinnanna - verður að taka þetta pláss frá öðru sem nú er í viðkomandi göturými. Þetta er sérstaklega bagalegt þar sem rýmið er lítið, eins og t.d. á Hringbraut og , Hverfisgötu í Reykjavík, og Borgarholtsbraut í Kópavogi. Á Hringbrautinni vestur í bæ, þyrfti t.d. að fækka bílaakreinum úr 2 + 2 í 1 + 1. Ekki er hægt að bæta það upp með því að taka „bílastæðareinarnar“, því hluti af plássí þeirra, meðfram gangstéttum, fer í beygjureinar. Langsóttur möguleiki er að taka hina mjóu forgarða við Hringbrautina í burtu og flytja gangstéttirnar alveg upp að húsunum.
8. Áformað er að gera stætisvögnum, fótgangandi og fólki á reiðhjólum, auðvelt að komast að biðstöðvunum. Þetta mun í mörgum tilfellum þarfnast lagningar sérstakra akreina eða stíga, sem krefst rýmis og er kostnaðarsamt. Almennt krefst borgarlínan góðra stígakerfa fyrir gangandi og hjól, sem tekur víða pláss, sem hingað til hefur verið t.d. fyrir bíla og bílastæði. Lagning þessara kerfa er stutt á veg kominn í öllum sveitarfélögunum, og er mjög kostnaðarsöm. Sá kostnaður allur myndi falla á sveitarfélögin.

Í sáttmála nýju ríkisstjórnarinnar segir: „... stutt verður við borgarlínu í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu“. Lokatillaga um borgarlínu er ekki komin fram og hefur hvergi verið samþykkt í stjórnnum sveitarfélagana. Í ljósi ofanritaðs teljum við að athuga verði málið nánar og taka aðrar lausnir til athugunar.

3. desember 2017




Trausti Valsson, skipulagsfræðingur




Þórarinn Hjaltason, umferðarverkefnafræðingur

Samrit sent til bæjarstjóra á höfuðborgarsvæðinu



Reykjavíkurborg
Borgarstjórn
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík



Efni: Endurheimt og varðveisla votlendis á Íslandi – lykilhlutverk sveitarfélaga.

Haustið 2014 boðaði umhverfis- og auðlindaráðuneytið til samráðs helstu hagsmuna- og fagaðila um mótun aðgerðaáætlunar til að endurheimta votlendi. Í kjölfar þeirra vinnu var Landgræðsla ríkisins falin framkvæmd verkefnisins *Endurheimt votlendis*, í samræmi við sóknaráætlun ríkisstjórnar Íslands í loftslagsmálum.

Á vegum sóknaráætlunarinnar hafa nú verið endurheimtir um 80 hektarar votlendis en sú dapurlega staðreynd liggur einnig fyrir að á sama tímabili hefur meira votlendi verið raskað víða um landa án þess að þær framkvæmdir hafi verið tilkynntar eða leyfa óskað hjá viðkomandi sveitarfélögum eins og ber samkvæmt lögum. Þá eru jafnvel dæmi um að sveitarfélög styrki framræslu votlendis.

Með bréfi þessu vill Landgræðsla ríkisins upplýsa um gagnsemi og mikilvægi votlendis fyrir íslenskt samfélag. Nauðsynlegt er að sveitarstjórnir landsins séu upplýstar um málefnið og þær skyldur sem á þeim hvíla varðandi leyfisveitingar ef raska á eða ræsa fram votlendi. Af þessu tilefni skal hér sérstaklega bent á eftirfarandi bókun í fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 24. nóv. sl:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga tekur undir það álit skipulagsmálanefndar að tilefni sé til þess að gefnar verði út leiðbeiningar um á hvern hátt sveitarfélögin geta lagt aukna áherslu á vernd og endurheimt votlendis. Stjórnin hvetur sveitarstjórnir til þess að kynna sér þau tækifæri sem kunna að felast í endurheimt votlendis sem beinni aðgerð stjórnvalda hér á landi til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði og stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika í íslenskri náttúru. Þá leggur stjórnin áherslu á að við gerð aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum verði sérstaklega hugað að því að auka fjárhagslega hvata til þess að endurheimta votlendi.“

Talið er að votlendi þeki um 20% af grónu flatarmáli Íslands. Votlendi gegnir ýmsum mikilvægum hlutverkum og því ætti að varast að raska því, nema þá aðeins að brýna nauðsyn beri til. Jarðvegur þar er mjög kolefnisríkur. Kolefni safnast fyrir í jarðvegi mýrlendis, sem lífrænt efni, vegna þess að þar eru aðstæður vatnsmettaðar og súrefnissnauðar. Þar eru aðstæður óhliðhollar rotverum og sá lífræni massi sem að fellur til ár hvert brotnar ekki niður nema að litlu leiti en safnast þess í stað upp. Við framræslu votlendis lækkar vatnsyfirborð, jarðhiti hækkar og súrefni verður aðgengilegt. Þetta verður til þess að lífrænt efni, sem hefur safnast upp árhundruðum saman, tekur að brotna niður með tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda. Vísindanefnd Ramma-samnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar hefur áætlað að sú losun sé um 24,5 koltvísýringisígildi á hektara á ári og vegna þess hversu stór hluti votlendis Íslands er raskað er áætlað að um 70 % af losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum hér á landi sé frá framræstu votlendi.

Votlendi eru mikilvæg búsvæði ýmissa lífvera. Þar má helst nefna fugla, en yfir 90% íslenskra varpfugla, farfugla og vetrargesta byggja afkomu sína að einhverju leiti á votlendi. Því er verndun og endurheimt

votlendis mjög mikilvæg út frá sjónarhorni líffræðilegs fjölbreytileika. Votlendi gegnir líka mikilvægu hlutverki við miðlun og temprun vatns og næringarefna og gott ástand þeirra minnkar hættu á flóðum, sveiflum í vatnsrennsli og jarðvegsrofi.


Á fjölmörgum svæðum hefur dregið úr nýtingu framræsts lands. Ætla má að um 50% votlendis á Íslandi, eða um 4.200 km² hafi verið raskað með framræslu. Af því eru um 520 km² tún og annað ræktarland og um 36 km² skóglendi. Framræst land utan túna og skóglendis er því áætlað um 3.600 km² og fjölmörg tækifæri til að koma því landi sem ekki er í nýtingu í sitt náttúrulega horf. Með því að endurskipuleggja skurðakerfin má í mörgum tilvikum bæta framræslu þess landbúnaðarlands sem þörf er á til virkrar framleiðslu en um leið auðvelda endurheimt stórra landsvæða. Með endurheimt votlendis er leitast við að koma vatnsbúskap svæðis sem næst því sem áður var. Í kjölfarið má svo gera ráð fyrir að lífríki færist til fyrra horfs og að verulega dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Samhliða því að endurheimta votlendi er mjög mikilvægt að raska ekki því votlendi sem óraskað er, nema þá aðeins að brýna nauðsyn beri til og að uppfylltum lagareglum. Vissulega kann að vera heimilt að veita vatni af landi í einhverjum tilvikum, sbr. t.d. 78. gr. vatnalaga nr. 15/1923, með síðari breytingum. Ávallt verður þó að taka tillit til annarra laga, enda í lögum að finna ákvæði er takmarka landþurrkun og/eða gera hana leyfisskylda. Þegar hugmyndir um landþurrkun kom upp er mikilvægt að gæta að þeim lögum sem fjalla um það málefni svo tryggt sé að rétt sé staðið að málum og að allir hagsmunir séu metnir áður en komist er að niðurstöðu í hverju fyrirliggjandi máli. Þar eru sveitarstjórnir í lykilhlutverki.

Meðfylgjandi er umfjöllun um lög er varða framræslu votlendis (*Ákvæði laga um náttúruvernd, laga um mat á umhverfisáhrifum og skipulagslaga um vernd votlendis og skyldur sveitarfélaga til að hafa eftirlit með vernd þess*) en sú umfjöllun er þó ekki tæmandi, sem og að ákvæði annarra laga og reglugerða koma til skoðunar. Landgræðsla ríkisins hvetur sveitarstjórnir til að kynna sér upplýsingar um votlendi, virkni þess og mikilvægi. Þá er ljóst að efla þarf upplýsingagjöf til landeigenda og framkvæmdaaðila almennt um það hvaða lög og reglur gilda á þessu sviði.

Fulltrúar Landgræðslu ríkisins eru fúsir til að aðstoða sveitarfélög og upplýsa frekar um möguleika til endurheimtar og varðveislu votlendis um land allt.

Virðingarfyllt,
f.h. Landgræðslu ríkisins


Arni Bragason,
landgræðslustjóri.

Samrit: Sveitarfélög á Íslandi.

Afrit: Samband Íslenskra sveitarfélaga,
Umhverfis og auðlindaráðuneyti
Skipulagsstofnun
Umhverfisstofnun

Ákvæði laga um náttúruvernd, laga um mat á umhverfisáhrifum og skipulagslaga um vernd votlendis og skyldur sveitarfélaga til að hafa eftirlit með vernd þess.

Lög um náttúruvernd

Í náttúruverndarlögum nr. 60/2013, með síðari breytingum, er votlendi verndað sérstaklega. Í 61. gr. laganna er fjallað um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa. Í samræmi við 1. mgr. þeirrar greinar njóta ákveðin vistkerfi sérstakrar verndar, í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr. laganna. Til verndaðra vistkerfa telst skv. a-lið 1. mgr. vera:

„ ... votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m² að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur ... “

Í þeirri sérstöku vernd votlendis sem tilvitnuð grein nær til felst, sbr. 3. mgr. sömu greinar, að forðast beri að raska þessum vistkerfum nema að brýna nauðsyn beri til. Skylt er að afla framkvæmdaleyfis eða e.a. byggingarleyfis vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Leyfisveitandi skal, áður en leyfi er veitt, leita umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar nema þá aðeins að slíkar umsagnir liggi þegar fyrir. Ákveði leyfisveitandi að heimila framkvæmd, í bága við umsagnir greindra umsagnaraðila, skal slíkt rökstutt sérstaklega, sbr. 5. mgr. 61. gr. Þá er heimilt að binda leyfi skilyrðum þeim sem nauðsynleg þykja til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufríbærni sem verða fyrir röskun.

Lög um mat á umhverfisáhrifum

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, með síðari breytingum, er fjallað um framkvæmdir tengdar votlendi.

Í 1. viðauka laganna eru tilgreindar þær framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum, flokkur A. Þar eru og tilgreindar þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og þá metið í hverju tilviki hvort, m.t.t. tiltekinna þátta, háðar skuli mati á umhverfisáhrifum, flokkar B og C.

Liður 1.04 í 1. viðauka, fellur í flokk B, en undir liðinn falla; *Vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þ.m.t. áveitu- og framræsluframkvæmdir, sem hafa áhrif á 3 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum.*

Liður 1.05 í 1. viðauka, fellur í flokk C, en undir liðinn falla; *Vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þ.m.t. áveitu- og framræsluframkvæmdir, sem hafa áhrif á allt að 3 ha svæði.*

Eins og að ofan greinir felur það að framkvæmd falli í flokk B eða C það í sér að þær kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögnum, sbr. einnig 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

Í ljósi ofangreinds falla a.m.k. nýframkvæmdir vegna landbúnaðar, þ.e. þegar ræst er fram land sem flokkast sem votlendi undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Þegar framræsluframkvæmd hefur áhrif á stærra svæði en 3 ha eða áhrifin eru á land á verndarsvæðum (liður 1.04) þá ber framkvæmdaraðila að tilkynna slíkt til Skipulagsstofnunar, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Þegar framræsluframkvæmd hefur hins vegar áhrif á minna svæði, þ.e. undir 3 ha, (liður 1.05) þá er það að meginstefnu til undir mati sveitarstjórnar komið hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Skv. 3. másl. 2. mgr. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum ber framkvæmdaraðila (þegar framkvæmd er háð framkvæmdaleyfi) að tilkynna framkvæmdina til leyfisveitanda (sveitarstjórn). Skv. 4. mgr. sömu greinar skal, vegna framkvæmda í flokki C sem háð er m.a. framkvæmdaleyfi, sveitarstjórn taka ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögnum.

Skipulagslög

Í skipulagslögum nr. 123/2010, með síðari breytingum, er fjallað um framkvæmdaleyfi.

Samkvæmt 1. máls. 1. mgr. 13. gr. laganna skal afla framkvæmdaleyfis vegna meiri háttar framkvæmda sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku, og annarra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þá kemur m.a. fram í 2. mgr. að öll efnistaka á landi sé háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar. Eiganda eða umráðamanni eignarlands er þó heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

Í 14. gr. skipulagslaga er fjallað um framkvæmdaleyfi vegna matsskyldra framkvæmdra. Samkvæmt 1. mgr. er óheimilt að gefa út leyfi fyrir framkvæmd skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum fyrir en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd sé ekki matsskyld.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg

Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Kópavogur, 14. desember 2017
1712001 SB

Efni: Vaxtamörk á Álfsnesi - verkefnislýsing fyrir breytingu á svæðisskipulagi

Á 80. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, þann 8. desember s.l. var samþykkt að hefja breytingar á vaxtamörkum svæðisskipulags á Álfsnesi í tengslum við breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir iðnaðarsvæði undir efnisvinnslu í Álfsnesvík.

Eftirfarandi var bókað:

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd leggur til við aðildarsveitarfélögin að afgreiða verkefnislýsingu til kynningar og umsagnar, sbr. 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga og 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlaða. Svæðisskipulagsstjóra er falið að kalla eftir gögnum um skipulögð iðnaðar- og athafnasvæði hjá sveitarfélögunum og að hafin verði úttekt á framboði atvinnu- og iðnaðarlóða með áherslu á landþörf til næstu ára. Niðurstaða þeirra úttektar verður hluti af þeirri skipulagsvinnu sem framundan er.

Líkt og fram kemur í bókun svæðisskipulagsnefndar þá er undirrituðum einnig falið að hefja úttekt á framboði á skipulögðu iðnaðar- og athafnasvæðum á höfuðborgarsvæðinu. Því er kallað eftir eftirfarandi upplýsingum sem varðar Reykjavík.

1. Fjöldi og stærð lóða á iðnaðar- og athafnasvæðum sem lausar eru til úthlutunar.
2. Fjöldi og stærð lóða á iðnaðar- og athafnasvæðum sem eru á deiliskipulögðum svæðum.
3. Stærð iðnaðar- og athafnasvæða sem skilgreind eru á aðalskipulagi en ekki er búið að deiliskipuleggja.
4. Stærð þeirra svæða sem nú hýsa iðnað eða athafnarstarfsemi sem munu víkja á næstu 5 ára og einnig til lengri tíma.
5. Fjöldi fyrirspurna og umsókna um lóðir á iðnaðar- og athafnasvæðum á árinu 2017.

Að lokum er minnt á að við afgreiðslu á verkefnislýsingu svæðisskipulagsbreytinga þarf afstaða sveitarfélagsins að liggja fyrir.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Á. Proppé

Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Meðfylgjandi:


Verkefnislýsing



SVÆÐISSKIPULAGIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ 2040

Breytt afmörkun vaxtarmarka á Álfsnesi

- Efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík



Verklýsing vegna breytinga á svæðisskipulagi
Lögð fram sbr. 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Desember 2017

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Forsendur	3
3	Lýsing skipulagsverkefnis	4
3.1	Markmið	4
3.2	Efni breytingartillögu	4
4	Tengsl við aðrar áætlanir	5
4.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	6
4.2	Svæðisskipulagið Höfuðborgarsvæðið 2040	6
4.3	Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030	6
5	Matslýsing	6
5.1	Umhverfisþættir og áhrifaþættir	6
5.2	Valkostir	7
5.3	Mat á vægi áhrifa	8
6	Samráð og kynning	8
6.1	Umsagnaraðilar	8
6.2	Tímasetningar	9

1 Inngangur

Í svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040, sem staðfest var þann 29. júní 2015, eru skilgreind vaxtarmörk sem draga skýr skil milli þéttbýlis og dreifbýlis. Mörkuð er stefna um að öll uppbygging þéttbýlis skuli eiga sér stað innan vaxtarmarka, en utan þeirra verði t.d. vatnsverndarsvæði og önnur verndarsvæði, stærri útivistarsvæði, landbúnaður, frístundabyggð, óbyggð svæði og annað sem tilheyrir dreifbýli. Vaxtarmörkin liggja við jaðar núverandi borgarbyggðar auk svæða sem skilgreind eru fyrir uppbyggingu í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna.

Á Álfsnesi, utan megin borgarbyggðarinnar, eru svæði þar sem í dag er urðunarstaður fyrir sorp, skotæfingasvæði og þar er uppbygging hafin fyrir jarðgerðarstöð. Á svæðinu er gert ráð fyrir höfn, efnisvinnslu og iðnaði við Kollafjörð sbr. Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Um þetta svæði á Álfsnesi eru dregin vaxtarmörk í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Fyrirhugað er að vinna tillögu að breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 sem felst í stækkun svæðisins og færslu vaxtarmarkanna til suðvesturs við Álfnsvík innan Reykjavíkur þannig að rými verði fyrir uppbyggingu og þróun efnisvinnslusvæðis. Samhliða verður unnin samsvarandi tillaga að breytingu Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 þar sem landnotkun verður breytt, efnisvinnslusvæði skilgreint og mörkuð stefna um umfang og eðli starfsemi innan þess, yfirbragð og aðrar forsendur fyrir gerð deiliskipulags. Á sama tíma verður einnig unnið deiliskipulag fyrir efnisvinnslusvæðið.

Lýsing þessi er unnin í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Gerð er grein fyrir viðfangsefni breytingarinnar og helstu forsendum hennar, áherslum sem lagðar verða til í skipulagsvinnunni og umhverfismati tillögunnar og hvernig staðið verður að samráði og kynningu á tillögunni. Lýsing vegna breytingar á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags fyrir efnisvinnslusvæðið hefur verið kynnt og var gefinn frestur til að skila athugasemdum til 20. nóvember 2017. Um leið og verklýsing vegna breytingar á svæðisskipulagi verður auglýst verður frestur vegna athugasemda vegna lýsingarinnar fyrir aðal- og deiliskipulagið framlengdur.


Við afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins á verklýsingunni var samþykkt að gerð verði sérstök úttekt á framboði atvinnu- og iðnaðarlóða innan vaxtarmarka, með áherslu á landþörf til næstu ára. Niðurstaða þeirra úttektar verður hluti af þeirri skipulagsvinnu sem hér er lýst.

2 Forsendur

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er sett fram sú stefna að Björgun ehf. flytji frá athafnasvæði sínu við Sævarhöfða og víki fyrir íbúðabyggð. Samkvæmt skipulaginu átti sá flutningur að eiga sér stað eigi síðar en 2016 en skv. samkomulagi milli Björgunar og Faxaflóahafna skal fyrirtækið vera búið að losa núverandi vinnusvæði sitt við Sævarhöfða þann 31. maí 2019. Þegar aðalskipulagið var samþykkt var ekki ljóst hvert Björgun gæti flutt starfsemi sína innan Reykjavíkur en lagt var til að hún yrði flutt á nýtt hafnar- og iðnaðarsvæði á Álfsnesi eða á viðeigandi svæði utan Reykjavíkur. Við nánari skoðun hefur komið í ljós að þetta nýja hafnar- og iðnaðarsvæði á Álfsnesi hentar illa fyrir starfsemi Björgunar. Þar eru 15-20 m sjávarhamrar og til að móta landssvæði, sem væri hentugt fyrir starfsemi Björgunar, þyrfti að vinna landfyllingar og sprengja úr sjávarhömrnum, auk þess sem leysa þyrfti vegtengingar með umtalsverðu umhverfisraski. Þá vinna óhagstæðar veðurfarslegar aðstæður einnig á mótí þessari staðsetningu

Haustið 2016 óskaði Björgun eftir því við Reykjavíkurborg að það yrði skoðað hvort fyrirtækið gæti fengið lóð á Gunnunesi á Álfsnesi. Í umsögn frá umhverfis- og skipulagssviði var fyrirtækinu beint að svæði innar við Álfnsvík, til að hlífa minjum sem eru þar utar, og bent á að ítarleg skoðun þyrfti að fara fram áður en ákvörðun um að fara í skipulagsbreytingu, gæti legið fyrir. Sú skoðun hefur nú farið fram og liggur fyrir ítarleg

greinargerð með kostamati þar sem sex mismunandi staðir eru skoðaðir fyrir Björgun auk þess sem gerð er grein fyrir helstu umhverfisáhrifum sem kunna að verða ef starfsemin fær heimild til að koma sér fyrir við ströndina í Álfsnesvík við Þerneyjarsund. Af öllum þeim stöðum sem skoðaðir hafa verið virðist staðsetning við Álfsnesvík fela í sér skynsamlega málamiðlun, og við skoðun á umhverfispáttum hefur ekkert afgerandi komið í ljós sem kemur í veg fyrir að Álfsnesvík geti talist ágætur kostur fyrir tímabundna haugsetningu hreinna og ómengaðra jarðefna ásamt úrvinnslu efnisflokka fyrir hvers kyns framkvæmdir.



Mynd 1. Núverandi starfssvæði Björgunar við Sævarhöfða (rautt) og sex mögulegar staðsetningar sem hafa verið skoðaðar. Rauð ör bendir á Álfsnesvík sem er til umfjöllunar í væntanlegri svæðisskipulagsbreytingu.

Aðrir staðarvalskostir hafa ekki þótt raunhæfir á strandlengju höfuðborgarsvæðisins þegar horft er bæði til akstursfjarlægðar og náttúrulegra aðstæðna, en Björgun hefur í mörg ár leitað að álitlegum kostum fyrir starfsemi sína. Allir staðarvalskostir sem þegar hafa verið skoðaðir eru innan Reykjavíkur. Í undirbúningi breytingar á svæðisskipulagi er eðlilegt að farið sé yfir hvort aðrir kostir en þeir sem þegar hafa verið skoðaðir kynnu að koma til greina. Nú þegar verklýsing vegna breytingar á svæðisskipulagi er kynnt er óskað eftir ábendingum um aðra kosti og verða þeir þá teknir inn í umfjöllun um valkosti í skipulagsferlinu.

3 Lýsing skipulagsverkefnis


3.1 Markmið

Markmið breytingartillögunnar er að geta boðið upp á land fyrir efnisvinnslusvæði vegna mannvirkjagerðar sem næst þéttbýlinu á höfuðborgarsvæðinu. Stuttar akstursvegalengdir leiða til minni útblásturs gróðurhúsalofttegunda og minna slits á vegum, auk lægri flutningskostnaðar. Þá er talið mikilvægt að hægt sé að bjóða upp á svæði fyrir fyrirtæki sem hefur verið í rekstri á höfuðborgarsvæðinu en þarf að flytja út fyrir núverandi þéttbýli vegna nýrrar byggðar á þéttungarsvæðum.


3.2 Efni breytingartillögu

Í svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 eru dregin þéttbýlismörk um stakt svæði á Álfsnesi um athafnasvæði Sorpu og svæði við Kollafjörð. Til að heimila uppbyggingu við Álfsnesvík þarf að breyta svæðisskipulaginu og færa vaxtarmörkin til suðurs. Ný vaxtarmörk verða skilgreind við vinnslu breytingartillögu og afmörkuð á þemakort svæðisskipulagsins með hliðsjón af aðstæðum og núverandi landnotkun.

Lagt er til að vaxtarmörk Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 verði endurskoðuð og færð til suðurs innan svæðisins sem merkt er með rauðum ramma á myndum 2 og 3. Gerð verður grein fyrir breyttri afmörkun vaxtarmarka í breytingartillögu svæðisskipulags.



Mynd 2. Hér er sýnt kort 11 úr gildandi svæðisskipulagi fyrir megindrætti landnotkunar. Rauði ramminn sýnir svæði þar sem breytt afmörkun er fyrirhuguð.



Mynd 3. Kort 2 í gildandi svæðisskipulagi. Kjarnar og vaxtarmörk. Rauði ramminn sýnir svæði þar sem fyrirhuguð er að færa út vaxtarmörk. Afmörkunin verður útfærð í svæðisskipulagsbreytingunni.

Með tillögu um breytt vaxtarmörk er eingöngu verið að útvíkka atvinnusvæði sem þegar eru í notkun. Ekki er verið að breyta mörkum meginbyggðar höfuðborgarsvæðisins, þ.e. þéttbýlisins.

4 Tengsl við aðrar áætlanir

Við vinnslu breytingartillögu verður einkum horft til stefnu og markmiða í Landsskipulagsstefnu 2015-2026, Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarsvæðið 2040 og Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Tekið verður mið af þessum áætlunum við mótun breytingartillögu og umhverfismat hennar.

4.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Breyting þessi er til þess fallin að auka samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins með því að skapa grundvöll fyrir atvinnuuppbyggingu og sérhæfða þjónustu og samrýmist vel markmiði landsskipulagsstefnu um samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf. Breyting felur í sér að ráðstafa landi undir sérhæfða starfsemi fyrir efnisvinnslu í Álfsnesvík en með breytingunni er ekki verið að heimila þróun blandaðrar byggðar utan núverandi vaxtarmarka. Breytingin er að því leyti ekki í ósamræmi við markmið landskipulags um sjálfbært skipulag þéttbýlis og þróun þétrar, samfelldrar byggðar.

4.2 Svæðisskipulagið Höfuðborgarsvæðið 2040

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 er ekki mörkuð sérstök stefna um starfsemi af því tagi sem Björgun rekur. Að áliti Skipulagsstofnunar er efnisvinnsla Björgunar starfsemi sem á heima á iðnaðarsvæðum og þar af leiðandi þarf hún að skilgreinast innan vaxtarmarka þéttbýlis. Því er breyting á svæðisskipulaginu nauðsynleg forsenda breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur. Sérstök úttekt verður gerð á framboði atvinnu- og iðnaðarlóða innan vaxtarmarka svæðisskipulags, með áherslu á landþörf til næstu ára. Niðurstaða þeirra úttektar mun verða skoðað samhlíða kostamati fyrir starfsemi Björgunar.

4.3 Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

Eins og fram hefur komið þá gerir aðalskipulag Reykjavíkur ekki ráð fyrir efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík. Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er svæðið skilgreint sem opið svæði og er Sundabraut áformuð í jaðri svæðisins. Unnin verður að tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur samhlíða breytingu á svæðisskipulagi, þar sem landnotkun verður breytt, efnisvinnslusvæði skilgreint og sett stefna um umfang og eðli starfsemi innan þess, yfirbragð og aðrar forsendur fyrir gerð deiliskipulags sem einnig verður unnið samhlíða breytingunum.

5 Matslýsing

5.1 Umhverfisþættir og áhrifaþættir

Breytingartillagan felur í sér að mögulegt verður að byggja upp svæði sem nú er að mestu óbyggt land og við ósnortna strönd. Ráðstöfun svæðisins undir atvinnuuppbyggingu með tilheyrandi mannvirkjagerð mun því hafa áhrif á landslag og yfirbragð svæðisins, ásýnd frá núverandi byggð, núverandi og framtíðar landnotkun, samgöngur, náttúrufar og minjar.

Í umhverfismati breytingartillögunnar verður lagt mat á áhrif hennar á umhverfisþætti með sömu nálgun og í fyrirbyggjandi svæðisskipulagi. Þar voru skilgreindir umhverfisþættir og viðmið fyrir þá sem byggðu á lögum um umhverfismat áætlana, áherslum í samkomulagi um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins sem sveitarfélögin samþykktu árið 2012, viðeigandi íslenskum stefnuskjölum og þremur sviðum skipulagsfræða um heilsuvænt skipulag þéttbýlis, sjálfbært skipulag þéttbýlis og samkeppnishæft skipulag þéttbýlis. Nánar grein verður gerð fyrir þessari nálgun í skipulagstillögu en hún liggur einnig fyrir í samþykktu svæðisskipulagi, Höfuðborgarsvæðið 2040.

Breyting á vaxtarmörkum á Álfsnesi kann að hafa áhrif á ýmsa umhverfisþætti, bæði jákvæð og neikvæð. Í töflu 1. er gerð grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna skipulagsbreytingarinnar.

Matsþáttur	Viðfangsefni í skipulagi	Spurningar til að meta áhrif sviðsmynda á matsþáttinn
Lífsstíll Umhverfi sem hvetur til hreyfingar og vellíðunar.	<ul style="list-style-type: none"> Aðstæður fyrir hreyfingu og útiveru. Aðgengi að stærrri grænum / náttúrulegum svæðum. 	1. Styður stefnan við möguleika til hreyfingar og útiveru í náttúrulegu umhverfi, þ.e. við strönd og á grónum svæðum á jaðri byggðarinnar?
Efnahagur Aðgengi að störfum og alþjóðleg samkeppnishæfni svæðisins.	<ul style="list-style-type: none"> Staðsetning og útfærsla svæða fyrir fyrirtæki í fjölbreyttum atvinnugreinum, einkum þeim sem helst má vænta vaxtar í og/eða stuðla að alþjóðlegri samkeppnishæfni í atvinnulífi. Aðgengi atvinnusvæða að stofnæðum og samgöngukerfinu almennt. 	<ol style="list-style-type: none"> Veitir stefnan möguleika á svæðum fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi sem vænta má vaxtar á svæðinu? Veitir stefnan möguleika á hagkvæmu grunnkerfi veitna og sorphirðu?
Mannert umhverfi Gæði manngerðs umhverfis.	<ul style="list-style-type: none"> Umhverfisgæði, s.s. umferðaröryggi, loftgæði, hljóðvist og birtustig. Sérkenni byggðar og byggingararfur. 	<ol style="list-style-type: none"> Styður stefnan við aukin gæði byggðarinnar hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist? Styður stefnan við varðveislu byggingararfs og sérkenna hins byggða umhverfis höfuðborgarsvæðisins?
Náttúrulegt umhverfi Virðing fyrir náttúru og viðhald vistkerfa.	<ul style="list-style-type: none"> Breytingin getur haft áhrif á loftgæði vegna áhrifa frá umferð til og frá svæðinu. Breytingin getur haft áhrif á landslag, strandsvæði og náttúruvar. Staðsetning getur haft áhrif á öryggi m.t.t. náttúruvar. 	<ol style="list-style-type: none"> Hefur stefnan þau áhrif að það dragi úr útlosun gróðurhúsalofttegunda? Heimilur stefnan að óraskað land sé tekið undir byggð? Tekur stefnan tillit til náttúruvar við skipulag landnotkunar?
Hnattræn umhverfismál Loftslagsbreytingar og líffræðileg fjölbreytni.	<ul style="list-style-type: none"> Fyrirkomulag landnotkunar og grunngerðar getur haft áhrif á útblástur gróðurhúsalofttegunda. Fyrirkomulag landnotkunar og grunngerðar getur haft áhrif á notkun takmarkaðra auðlinda eins jarðefnaeldsneytis, t.d. með því að stuðla að mikilli notkun bifreiða. Fyrirkomulag landnotkunar og grunngerðar getur aukið líkur á skaða vegna sjávarflóða. 	<ol style="list-style-type: none"> Hefur stefnan neikvæð áhrif á útlosun gróðurhúsalofttegunda? Stuðlar sviðsmyndin að minni notkun jarðefnaeldsneytis? Tekur sviðsmyndin tillit til mögulegrar hækkunar sjávarborðs? Hefur sviðsmyndin áhrif á svæði sem falla undir ákvæði náttúruverndarlaga um líffræðilega fjölbreytni?

Tafla 1: Umhverfispættir til umfjöllunar í umhverfismati breytingartillögu.

5.2 Valkostir

Í umhverfisskýrslu verður lagt mat á eftirfarandi 6 valkosti sem hafa verið til umfjöllunar við undirbúning skipulagsbreytingarinnar auk annarra raunhæfra valkosta sem ábendingar kunna að leiða í ljós.

- Álfsnesvík á Álfsnesi
- Við Kollafjörð á Álfsnesi
- Við Álfsnesbæinn á Álfsnesi
- Gufunes
- Sundahöfn
- Geldinganes

Í undirbúningi breytingar á svæðisskipulagi verður farið yfir hvort mögulegt sé að finna aðra valkosti um hentuga staðsetningu fyrir efnisvinnslu af því tagi sem um ræðir innan höfuðborgarsvæðisins. Jafnframt verður unnin sérstök úttekt á framboði atvinnu- og iðnaðarlóða innan vaxtarmarka svæðisskipulags, með áherslu á landþörf til næstu ára. Fjallað verður nánar um þetta í umhverfisskýrslu og ef sú umræða leiðir til þess að nýr valkostur mótast, þá verður hann tekinn til umfjöllunar í umhverfisskýrslu.

Í umfjöllun um valkosti verður litið til þeirra umhverfisþátta sem líklegir eru til að verða fyrir mismunandi áhrifum á hverjum stað en einnig verður litið til aðstæðna fyrir þá efnisvinnslustarfsemi sem um ræðir á viðkomandi stað og samspil við nærumhverfið.

5.3 Mat á vægi áhrifa

Við mat á umfangi áhrifa svæðisskipulagsbreytinga á umhverfið er tekið mið af þróun umhverfisþátta án þeirra framkvæmda sem tillagan gerir ráð fyrir, þ.e. þróun umhverfissins miðað við óbreytta stefnu svæðisskipulags. Gerð verður grein fyrir samlegðaráhrifum svæðisskipulagsbreytingar við aðrar áætlanir, ef slíkt á við. Vægi umhverfisáhrifa verða flokkuð í jákvæð og neikvæð áhrif, ásamt því að gerð verður grein fyrir mögulegri óvissu og orsökum hennar.

6 Samráð og kynning

Skipulagslýsingin ásamt tillögu að breytingu á svæðisskipulagi og umhverfisskýrsla verða aðgengileg á skrifstofum og á heimasíðum samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og sveitarfélaganna. Hægt verður að senda skriflegar athugasemdir til samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi skipulagslýsinguna. Athugasemdum sem berast varðandi lýsinguna verður ekki svarað formlega, heldur verður tekin afstaða til þeirra við vinnslu breytingartillögunnar og umhverfismat hennar. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur vegna fyrirhugaðs efnisvinnslusvæðis við Álfsnesvík og tilheyrandi deiliskipulag verður sem fyrr segir unnin og kynnt samhliða svæðisskipulagsbreytingunni. Framkomnar umsagnir og athugasemdir verða því samnýttar við vinnslu og afgreiðslu breytinganna á mismunandi skipulagsstigunum, eftir því sem við á.

6.1 Umsagnaraðilar

Gert er ráð fyrir að óska umsagna hjá eftirfarandi umsagnaraðilum:

- | | |
|-----------------------------------|------------------------|
| ▶ Skipulagsstofnun | ▶ Umhverfisstofnun |
| ▶ Vegagerðin | ▶ Minjastofnun |
| ▶ Orkuveitan | ▶ Landsnet |
| ▶ Reykjavíkurborg | ▶ Kópavogur |
| ▶ Hafnarfjarðarbær | ▶ Garðabær |
| ▶ Seltjarnarnesbær | ▶ Kjósarhreppur |
| ▶ Mosfellsbær | ▶ Faxaflóahafnir |
| ▶ Orkustofnun | ▶ Veðurstofan |
| ▶ Íbúasamtök Leirvogstungu | ▶ Hverfisáð Grafarvogs |
| ▶ Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur | |

6.2 Tímasetningar

Gert er ráð fyrir að helstu áfangar í skipulagsferlinu verði eftirfarandi:

- ▶ Jan -feb 2018 Kynning á lýsingu verkefnisins
- ▶ Mar-apr 2018 Kynning á drögum að svæðisskipulagsbreytingu
- ▶ Maí-jún. 2018 Tillaga að svæðisskipulagsbreytingu
- ▶ Júl. ágú. 2018 Auglýsing á tillögu að svæðisskipulagsbreytingu
- ▶ Haust. 2018 Afgreiðsla svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins og staðfesting Skipulagsstofnunar á gildistöku svæðisskipulagsbreytingarinnar.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg

Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Kópavogur, 13.12.2017
1707003 SB

Efni: Gufunes, tillaga á vinnslustigi

Á 80. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, þann 8. desember 2017 s.l. var fjallað um ofangreint málefni.

Eftirfarandi var bókað:

Lögð fram til umsagnar sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Í umsögn svæðisskipulagsnefndar við verkefnislýsingu sem fjallað var um á fundi nefndarinnar 8. september 2017 benti nefndin á að óbreyttu væri ekki unnt að skilgreina Gufunessvæðið sem samgöngumiðað svæði í samhengi við svæðisskipulagið. Tekið hefur verið tillit til þeirrar umsagnar í mótun vinnslutillögu.

Í vinnslutillögunni er gert ráð fyrir breyttri landnotkun á NA hluti svæðisins þannig að hluti reits H5/14 (iðnaðarsvæði) og OP8 (opið svæði) verði skilgreint sem miðsvæði. Einkum er gert ráð fyrir starsemi á sviði kvikmynd- og afþreyingariðnaðar auk íbúða. Jafnframt verður skilgreindur strandstígur frá bryggjusvæði og austur með ströndinni.

Í svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 er Gufunessvæðið merkt sem þéttbýli án frekari skilgreiningar á landnotkun. Í svæðisskipulaginu er einnig sett fram stefna um strandstíg allstaðar þar sem því er viðkomið.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við vinnslutillöguna enda er hún í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Á. Proppé
Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

From: Kristjana Benediktsdóttir [<mailto:krb@althingi.is>]
Sent: 12. desember 2017 15:01
Subject: Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2018

12. desember 2017.

Frá nefndasviði Alþingis.
Sent fyrir hönd ritara fjárlaganefndar, Jóns Magnússonar.

Ágæti viðtakandi.

Fjárlagafrumvarpið verður birt á vef Alþingis kl. 16:00 fimmtudaginn 14. desember. Í ljósi þess hve fjárlaganefnd hefur skamman tíma til umfjöllunar um málið þá er nú þegar ljóst að umfjöllunin verður ekki með hefðbundnu sniði. Nefndin mun kalla fulltrúa allra ráðuneyta á sinn fund auk örfárra annarra aðila, s.s. Ríkisendurskoðunar og Seðlabanka Íslands.

Eftir sem áður mun nefndin taka við umsögnum frá öllum þeim aðilum sem hafa hug á að vekja athygli nefndarinnar á einstökum þáttum frumvarpsins eða gefa umsögn um frumvarpið í heild sinni. Úrvinnsla nefndarinnar miðast að mestu við vikuna 18. til 22. desember. Til þess að tryggja að umsagnir komist til umræðu í nefndinni er nauðsynlegt að þær berist í síðasta lagi **19. desember nk.** á netfangið nefndasvid@althingi.is

Beðist er velvirðingar á því hve umsagnartíminn er stuttur en í ljósi aðstæðna er það óhjákvæmilegt í þetta sinn.

Kveðja

Kristjana Benediktsdóttir
skjalavörður
skrifstofu Alþingis, nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
sími 563-0433, fax 563-0430
www.althingi.is



Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa
innkaupadeild

Skjalnúmer: R17010082
Skjalasafn Náðhúss
19. des. 2017
Málafylki: 5252
Reykjavík, 4. desember 2017
~~R17010075~~

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Skýrsla samkvæmt 37. gr. innkaupareglina Reykjavíkurborgar
Um er að ræða lögstjóðendur nema annað sé tekið fram.

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. upplýsingatæknideildar Reykjavíkurborgar í nóvember 2017

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn. aðili	Samningsverð	Áætl. kostnaður	Teg. samn. / samn. tími	Innkaup / útbod / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Skjái	Tölvulistinn hf	2.140.650	1,4 m.kr	Pöntun	Órútbod innan rammamagns.	upplýsingatæknideild
Vinnsluminni í HP blöð	Nýherji hf	6.473.002	9,6 m.kr	Pöntun	Órútbod innan rammamagns.	upplýsingatæknideild

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar í nóvember 2017

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn. aðili	Samningsverð	Áætl. kostnaður	Teg. samn. / samn. tími	Innkaup / útbod / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Milli og löginheimta	Gjaldheimtan ehf og Momentum greiðslu- og innheimtuþjónusta ehf	42.923.740	32,7 m.kr	Samn. - samn. lok 31.12.2022	EES Útbod	Borgarráð

Guðbjörg Eggertsdóttir
Guðbjörg Eggertsdóttir
innkaupadeild Reykjavíkurborgar

Notandi: "Sigrún Helga Sigurjónsdóttir" <sigrunhelga@althingi.is>
Dagsetning: 18.12.2017 15:26:35
Efni: Til umsagnar 26. mál frá nefndasviði Alþingis

18. desember 2017

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Velferðarnefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, 26. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 15. janúar á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<http://www.althingi.is/altext/148/s/0026.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni

Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Kveðja,

Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

ritari nefndasviðs Alþingis

Frá: Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Dags: 18.12.2017 15:36:44
Til:
Efni: Til umsagnar 27. mál frá nefndasviði Alþingis

18. desember 2017

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Velferðarnefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (samningur Sp um réttindi fatlaðs fólks, stjórnsýsla og húsnæðismál), 27. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 15. janúar á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalíð er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/148/s/0027.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Kveðja,

Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

ritari nefndasviðs Alþingis

